**HRAUNHAMAR HF**
FASTEIGNA- OG SKIPASALA
Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði. S-54511

**Í smíðum**

**Dofraberg.** Mjög skemmtil. 2ja, 3ja og 5 herb. („penthouse“) fullb. íb. með góðu útsýni. Verð 2ja herb. fullb. 6,6 millj. 5 herb. fullb. 9,1 millj. Fást einnig tilb. u. trév.

**Traðarberg – til afh. strax.** Mjög rúmg. 126,5 fm nt. 4ra herb. íbúðir. Verð 8,2 millj.

**Háholt.** 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir sem skilast tilb. u. trév. M.a. íbúðir m. sérinng. Gott útsýni. Verð frá 5 millj. Fást einnig fullb.

**Suðurgata – Hf. – fjórbýli.** Aðeins eftir ein 4ra herb. íb. ásamt bílsk. ca 150 fm. Til afh. tilb. u. trév. fljótl. Verð 8,8 millj.

**Hörgsholt.** Mjög skemmtil. 190 fm parhús á einni hæð. Til afh. fokh. að innan og fullb. að utan í júlí. Verð 8,0 m.

**Einbýli – raðhús**

**Stekkjarhvammur.** Mjög fallegt 165,6 fm endaraðh. Að auki er innb. bílsk. Heitur pottur í garði. Gott útsýni. Skipti æskil. á 4ra herb. íb. Verð 13,8 m.

**Hellisgata.** Algjörl. endurn. 110 fm einbhús á tveimur hæðum. Mögul. á bílsk. Áhv. nýtt húsnlán. Verð 8,7 millj.

**Öldugata – Hf.** Mjög fallegt 156,5 fm nettó einbhús, kj., hæð og ris. Mjög skemmtil. eign. Verð 10,3 millj.

**Efstakot – Álft.** Nýl. 210 fm einbhús ásamt tvöf. bílsk. Að mestu fullb. Nýtt húsnlán 4,7 millj. Skipti æskil. á 4ra herb. íb. Verð 12,5 millj.

**4ra-5 herb.**

**Sléttahraun.** Mjög falleg 4ra herb. endaíb. á 3. hæð ásamt bílsk. Parket á gólfum. Verð 8,0 millj.

**Suðurgata – Hf.** Nýkomin mjög falleg 98,1 fm nettó 4ra herb. íb. á 1. hæð í góðu eldra steinh. Mjög gott útsýni. Verð 7,5 millj.

**Móabarð.** 139,2 fm nettó 6–7 herb. íb., hæð og ris. Bílskúrsr. Mikið áhv. Verð 9,5 millj.

**Suðurgata – Hf.** Mjög falleg og mikið endurn. 108 fm 4ra herb. íb. í fallegu eldra steinh. sem skiptist í hæð og kj. Verð 7,7 millj.

**Öldutún m/bílsk.** 138,9 fm nt. 5 herb. efri sérhæð. 4 svefnherb. Parket á gólfum. Endurn. hús að utan. Innb. bílsk. Húsbr. 2,5 millj. Verð 9,2 millj.

**Arnarhraun.** Mjög falleg 4ra herb. 122,2 fm íb. á 1. hæð. Allt sér. Nýtt eldh. Parket á gólfum. Hagst. lán áhv. Verð 7,5 millj.

**Arnarhraun.** Mjög falleg 116 fm 4ra herb. efri sérh. sem skiptist í 3 svefnherb. og 2 stofur. Nýtt gler og gluggar. Ákv. sala. Laus nú þegar. Verð 7,4 millj.

**3ja herb.**

**Hverfisgata – Hf.** Mjög falleg 3ja herb. íb. á 1. hæð. Tvö aukaherb. í kj. Verð 6,1 millj.

**Smyrlahraun – m/bílsk.** Mjög falleg 84,5 fm nt. 3ja herb. íb. á 2. hæð. 28,2 fm bílsk. Ról. og góður staður m/aðeins 4 íb. í stigagangi. V. 7,0 m.

**Austurgata – Hf.** Mjög falleg 3ja herb. miðhæð í skemmtil. eldra steinh. Nýtt eldh. Verð 6,0 millj.

**Breiðvangur.** Mjög falleg 3ja herb. íb. á jarðhæð. Parket. Endurn. blokk. Verð 7 millj.

**Smárabarð Hf. – nýtt lán – laus strax.** Höfum fengið í einkasölu nýl. mjög skemmtil. 94,8 fm nettó íb. sem skiptist í rúmg. stofu, borðst., svefnh. og aukaherb. Tvennar svalir. Allt sér. Nýtt húsnlán 2,9 millj. Verð 7,1 millj.

**Hraunstígur.** 62 fm 3ja herb. risíb. í góðu standi. Verð 4,8 millj.

**2ja herb.**

**Erluhraun.** Mjög falleg 60,7 fm 2ja herb. íb. á 2. hæð í tvíb. Allt sér. Verð 5,9 millj.

**Lyngmóar – m/bílsk.** Höfum fengið í sölu mjög fallega 68,4 fm nt. 2ja herb. íb. á 3. hæð á þessum vinsæla stað. Gott útsýni. Verð 6,5-6,7 m.

**Engihjalli – Kóp.** 64,1 fm nt. 2ja herb. íb. á 1. hæð í lyftubl. Þvottah. á hæðinni. Verð 5,0 millj.

**Hvaleyrarbraut.** 1180 fm skrifst-, iðnaðar- og verslunarhúsnæði.

**Kaplahraun.** Mikið endurn. 240 fm iðnhúsnæði. Til afh. strax.

**Kaplahraun.** 60 fm iðnhúsn. ásamt innr. rými. Innkdyr. Verð 2,8 millj.

**Magnús Emilsson, lögg. fasteignasali.**



fyrir steinsteypu.
Léttir meðfærilegir viðhaldslitlir.
Ávallt fyrirliggjandi.
**Þ. ÞORGRÍMSSON & CO**
Ármúla 29, Reykjavík, sími 38640

**51500**
**Hafnarfjörður**

**Laufvangur**
Góð 3ja herb. íb. á 2. hæð ca 85 fm.

**Álfaskeið**
4ra herb. íb. m/bílsk. á 3. hæð.

**Suðurgata**
Góð 4ra herb. íb. á 1. hæð, ca. 100 fm.

**Álftanes – Norðurtún**
Einbhús ca 200 fm. Góðir greiðsluskilm. Húsið er í eigu Sparisjóðs Hafnarfj. V. 13,5 m.

**Sævangur**
Gott einbhús á mjög fallegum stað rúml. ca 280 fm m/bílskúr.

**Norðurbraut**
Efri hæð ca 140 fm auk bílskúrs. Neðri hæð ca 270 fm. Búið að samþykkja 3 íb. á neðri hæð. Hentugt f. byggaðila.

**Drangahraun**
Höfum fengið til sölu gott iðn.- og/eða versl.-/skrifsthúsn., 382,5 fm. Fokhelt.

**Vantar – vantar**
Höfum kaupendur að 2ja, 3ja og 4ra herb. íb. í Hafnarfirði.

**Kópavogur – Álfabrekka**
Gott einbhús á góðum stað á tveimur hæðum ca 270 fm þ.m.t. bílsk.

**Árni Grétar Finnsson hrl., Stefán Bj. Gunnlaugss. hdl., Linnetsstíg 3, 2. hæð, Hafn., símar 51500 og 51501.**

☎621600
**HÚSAKAUP**
Borgartuni 29

**2ja-3ja herb.**

**Stóragerði**
Rúmg. ósamþ. einstaklíb. á jarðh. í suður í góðu fjölbhúsi. **Ákv. sala.** Verð 3,5 millj.

**Seilugrandi**
Stór og falleg 2ja herb. íb. á 1. hæð. Geymsla og þvherb. innaf eldh. **Áhv. 1,7 millj. húsnlán.** Ákv. sala.

**Grettisgata**
Falleg og mikið endurn. lítil 2ja herb. íb. í þríb. Sérinng. Verð 3,6 millj.

**Hamraborg – bílsk.**
Falleg 3ja herb. íb. á 5. hæð í lyftuhúsi. Nýmáluð. Ný teppi. Þvhús á hæðinni. Fallegt útsýni. Áhv. 2 millj. húsnlán. **Laus strax.** Verð 5,9 millj.

**Lundarbrekka**
Falleg 3ja herb. íb. á 3. hæð. Parket. Suðursv. **Áhv. 3 millj. húsnstjórnlán.** Verð 6,5 millj.

**Fossvogur**
Góð 3ja herb. íb. á jarðhæð í fjölb. á þessum vinsæla stað. Verð 5,8 millj.

**Kjarrhólmi – húsnlán**
Falleg, björt og mikið endurn. 3ja herb. íb. á 1. hæð á þessum góða stað. Húseign ný yfirfarin. **Áhv. 2,3 millj. húsnlán.**

**Kópavogur – nýl.**
Góð 3ja herb. íb. á 2. hæð í nýl. fjórb. Parket. Sérþvhús og -geymsla í íb. **Áhv. góð langtímal. 3,7 millj.** Verð 6,4 millj.

**Engihjalli – Kóp.**
Rúmg. 3ja–4ra herb. íb. á 5. hæð í lyftuhúsi. **Parket.** Fallegt útsýni. Þvherb. á hæðinni. **Ákv. sala.**

**Stærri eignir**

**Stóragerði – bílsk.**
Góð 4ra herb. íb. á 4. hæð í fjölb. Stofa, 3 svefnh. Suðursv. Bílskúr. **Ákv. sala. Verð 8,1 milljj.**

**Espigerði**
4ra herb. endaíb. á 2. hæð á þessum vinsæla stað. Þvhús í íb. Skipti á minni eign mögul. **Ákv. sala.**

**Flúðasel – bílsk.**
Góð 4ra herb. endaíb. á 2. hæð. Parket. Suðurusv. Þvhús í íb. Bílskýli. Húseign í toppstandi, nýl. uppgert. Verð 7 millj.

**Sumarbústaðir**

**Grímsnes, Skorradalur, Húsafell, Svarfhólssk.**

**Ragnar Tómasson hdl.,**
**Brynjar Harðarson, viðskfr.**
**Guðrún Árnad., viðskfr.**
**Haukur G. Garðarsson, viðskfr.**

# FLUXUS

**Myndlist**
Eiríkur Þorláksson

Af þeim tveimur sýningum, sem nú standa yfir að Kjarvalsstöðum, er Fluxus-sýningin í austursalnum mun minni um sig, og hefur því ekki notið sömu athygli fjölmiðla og sýning Yoko Ono í öðrum hluta hússins. Þetta er vissulega óverðskuldað; án Fluxus væri nú engin sýning í húsinu, því Fluxus-hreyfingin var mikilvægur þáttur í þeirri listþróun, sem Yoko Ono hefur vakið athygli fyrir. Því er vert að gefa þessari litlu en margþættu sýningu nánari gætur. En hvað var Fluxus?

George Maciunas var litháskur innflytjandi til Bandaríkjanna, og hafði árið 1960 komið með þetta orð sem heiti á tímariti, sem menningarklúbbur Litháa í New York ætlaði að gefa út. Það komst aldrei á laggirnar, en heitið var of gott til að það hyrfi; ári seinna hafði Maciunas gert áætlun um sex tölublöð tímarits, sem átti að heita Fluxus, og koma út ársfjórðungslega, fyrst í febrúar 1962. Maciunas var þá þegar kominn í samband við hóp listafólks, sem var að þreifa fyrir sér með nýjungar á listasviðinu, til að brjóta upp þann stofnanabrag, sem kominn var á allan listaheiminn í kjölfar abstraktlistarinnar. Þegar fyrsta útgáfan var loks send út (sem eins konar árbók), seint á árinu 1964, hafði orðið róttæk breyting á innihaldinu; þarna voru prentuð listaverk, orðaverk og smáhlutir, allt sett í trékassa, sem var festur saman með járnboltum, og nafnið sett utaná með þrykkistöfum.

Þegar Maciunas leitaði fyrir sér í enskum orðabókum, komst hann að því að því að orðið „flux“ var ekki aðeins til sem nafnorð, sögn og lýsingarorð, heldur gat það haft alls sautján mismunandi merkingar. Í stefnuyfirlýsingu um Fluxus sem hann sendi frá sér 1963 lagði Maciunas einkum áherslu á þrjár merkingar orðsins: hreinsun, flæði og samruna. Í eigin athugasemdum fjallaði hann um hreinsun heimsins af borgaralegri menningu (m.a. listum samtímans), sölumennsku (m.a. listmarkaði samtímans) og vestrænum áhrifum, flæði lifandi listar fyrir alla (ekki aðeins gagnrýnendur, listvini og aðra listamenn), og samruna listrænna og pólitískra byltingarsinna í sameinaðan baráttuhóp.



**George Maciunas: Fluxus Manifesto 1963.**

Þessar skoðanir urðu grunnurinn að Fluxus-hreyfingu sem varð alþjóðleg, því fjöldi listamanna, einkum í Bandaríkjunum og Evrópu, sameinuðust undir þessu heiti. Þó svo þarna væri í raun fátt nýtt á ferðinni (hér þarf aðeins að minna á fjölmargar stefnuyfirlýsingar ítölsku fútúristanna frá 1909-15, og starf Marcel Duchamp og annarra dada-ista árin eftir fyrri heimstyrjöld), þá hentaði þessi byltingar- og hreinsunarandi vel á sjöunda ára-

Takmarkað magn !

GS GoldStar

„Það er alveg ótrúlegt hvað þessi örbylgjuofn hefur reynst vel !“




Goldstar-örbylgjuofnarnir hafa reynst einstaklega vel og skv. könnun hérlendis í fyrra var bilanatíðni ofnanna í algjöru lágmarki. Nú eru þeir fáanlegir með sérlega góðum afslætti á vorútsölu okkar.

ER-646: 23 lítra, 650 W, tölvustýrður, með 7 styrkstillingum, snúningsdiski og kostaði 36.100,- en útsöluverð er 32.990,- eða 29.990,- stgr.

ER-5054: 20 lítra, 530 W, með 30 mín klukku, 7 styrkstillingum, snúningsdiski og kostaði 28.210,- en útsöluverð er 25.990,- eða 23.990,- stgr.

ER-513: 28 lítra, 650 W, með 30 mín. klukku, 5 styrkstillingum, snúningsdiski og kostaði 34.850,- en útsöluverð er 28.990,- eða 25.990,- stgr.

ER-654: 28 lítra, 650 W, tölvustýrður, með 10 styrkstillingum, snúningsdiski og kostaði 38.720,- en útsöluverð er 32.90,- eða 28.900,- stgr.

ER-9350: 25 lítra, 650 W, með 60 mín klukku, 7 styrkstillingum, snúningsdiski og kostaði 58.310,- en útsöluverð er 44.900,- eða 39.900,- stgr.

Við tökum vel á móti þér !

EUROCARD VISA Samkort MUNALÁN
greiðslukjör við allra hæfi til allt að 30 mán.



SKIPHOLTI 19
SÍMI 29800